

Fréttatilkynning
11. febrúar 2016

Ársreikningur Landsnets hf. 2015:

Hagnaður ársins 4 milljarðar króna – niðurgreiðsla skulda 7 milljarðar

Helstu atriði ársreiknings:

- Rekstrartekjur námu 16.183 mkr. árið 2015 á móti 14.350 mkr. árið áður sem er 12,8% hækkun og skýrist af hagstæðri gengisþróun.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 7.491 mkr. samanborið 6.174 mkr. árið áður. Hækkunin er um 1.317 mkr. á milli ára og skýrist einnig af hagstæðri gengisþróun.
- Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 4.010 mkr. á árinu 2015 samanborið við 3.762 mkr. hagnað á árinu 2014.
- Greiddar voru niður langtímaskuldir umfram reglulegar afborganir sem nam um 6.895 mkr.
- Lausafjárstaða félagsins er sterk, handbært fé í lok árs nam 8.072 mkr. og handbært fé frá rekstri á árinu nam 8.113 mkr.
- Á árinu voru rekstrarfjármunir félagsins endurmetnir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en rekstrarfjármunir voru síðast endurmetnir á árinu 2008.

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri:

„Rekstur Landsnet gekk vel árið 2015, þrátt fyrir nokkuð erfiðar aðstæður og tjón af völdum óveðurs. Hagnaður var ríflega fjórir milljarðar króna á móti tæplega 3,8 milljörðum árið 2014. Hagnaður fyrir fjármagnsliði hækkaði um 1,3 milljarða króna milli ára og skýrist að langmestum hluta af hagstæðri gengisþróun. Meirihluti tekna félagsins er í dollurum og staða hans sterk. Þá var ráðist í niðurgreiðslu skulda upp á sjö milljarða króna á árinu til draga úr fjármagnskostnaði. Jákvæð þróun er í rekstrarumhverfi Landsnets með nýrri reglugerð sem tryggir tekjustofn fyrirtækisins til framtíðar. Í framtíðinni verður rekstur fyrirtækisins gerður upp í Bandaríkjadöllum (USD) sem metinn hefur verið starfrækslugjaldmiðill félagsins. Það skapar tækifæri til að fjármagna Landsnet á hagstæðari lánaþingum en félagið hefur búið við til þessa og draga úr rekstraráhættu. Árið 2015 er því það síðasta sem ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum.

Rekstrarfjármunir Landsnets voru endurmetnir á árinu. Endurmat á eignastofni félagsins eykur gagnsæi í rekstrinum og er verðmæti fastafjármuna Landsnets nú í samræmi við verðlagsbreytingar, mat á kostnaði við endurbyggingu kerfisins og eignastofn sem Orkustofnun notar til að ákvarða tekjuramma félagsins. Þetta er fyrsta endurmatið á eignum Landsnets frá árinu 2008, þegar stjórn félagsins tók ákvörðun um að það skyldi gert með reglubundnum hætti, en vegna óvissu um arðsemiskröfu hefur endurmat ekki farið fram fyrir en nú.

Á 10 ára afmæli Landsnets á síðasta ári fór félagið í gegnum stefnumótum með það að markmiði að tryggja enn betur aðgengi almennings og fyrirtækja að öruggu rafmagni, ná betri sátt um uppbyggingu flutningskerfisins og hagræðingu í rekstrinum. Þetta er sérlega mikilvægt í ljósi þess að framundan eru framkvæmdir með fjárfestingum upp á milljarða króna, m.a. á Norðausturlandi, Reykjanesi og í Hafnarfirði, sem og styrking flutningskerfisins á næstu árum. Endurskoðun á framkvæmdastefnu félagsins hefur þegar skilað árangri og veruleg hagræðing náðist t.d. í tveimur stærstu verkefnum liðins árs, Fitjalínu 2 og Hellulínu 1 og stóðust endurskoðaðar tíma- og kostnaðaráætlanir í þeim báðum.“

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

Rekstrarreikningur	2015	2014	2013	2012
Rekstrartekjur	16.182.655	14.350.406	13.874.282	12.344.462
Rekstrargjöld	(8.691.512)	(8.176.254)	(7.306.534)	(7.038.846)
Rekstrarhagnaður	7.491.143	6.174.152	6.567.748	5.305.616
Hrein fjármagnsgjöld	(2.502.275)	(1.519.059)	(3.869.894)	(4.338.924)
Áhrif hlutdeildarfélags	19.730	38.303	25.055	18.580
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.008.598	4.693.396	2.722.909	985.272
Tekjuskattur	(998.777)	(931.155)	(539.511)	(184.319)
Hagnaður	4.009.821	3.762.241	2.183.398	800.953

- Rekstrartekjur námu 16.183 mkr. árið 2015 á móti 14.350 mkr. árið áður (12,8%).
 - Tekjur af flutningi til stórnotenda jukust um 1.226 mkr. (14,5%) og skýrist það að mestu leyti af herra gengi Bandaríkjadollars (12,6%). Flutningsmagn til stórnotenda jókst lítilsháttar á árinu og var flutningsgjaldskrá til stórnotenda óbreytt á árinu. Flutningstekjur vegna stórnotenda eru í bandarískum dollurum og nemur gengisbreyting vegna þess tæpum 1,1 ma.kr. á milli ára.
 - Tekjur af flutningi til dreifiveitna jukust um 255 mkr. (6,8%) á árinu en gjaldskrá breyttist ekki. Forgangsflutningur til almennings jókst lítilsháttar á milli ára en nokkur aukning var í skerðanlegum flutningi.
 - Tekjur vegna sölu á kerfisþjónustu og orkutaps í flutningskerfinu jukust um 354 mkr. (18,6%) á milli ára. Gjaldskrá vegna kerfisþjónustu hækkað 1. ágúst um 7,8% og gjaldskrá vegna orkutapa um 24,7% þann 1. febrúar. Hækkunir má rekja til herra innkaupsverðs á þessum liðum en gjaldskrá er sett á kostnaðargrunni með 1,5% álagi.
- Rekstrargjöld hækka um 515 mkr. á milli ára en þar af er hækkun á innkaupum á kerfisþjónustu og vegna orkutapa sem nemur 404 mkr. sem skýrir hækkunina að miklu leyti.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 7.491 mkr. samanborið 6.174 mkr. árið áður og hækkar um 1.317 mkr. á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 2.502 mkr. en voru 1.519 mkr. á árinu 2014. Hrein fjármagnsgjöld hækka því um 985 mkr. á milli ára. Félagið er að mestu fjármagnað í íslenskum krónum og reiknaðist verðhækkunir ársins um 2% en voru um 1% á árinu 2014.
- Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 4.010 mkr. á árinu 2015 samanborið við hagnað að fjárhæð 3.762 mkr. á árinu 2014.

Efnahagsreikningur	31.12.2015	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012
Fastafjármunir	91.982.525	66.779.640	66.369.857	62.450.596
Veltufjármunir	10.990.883	15.079.836	11.238.258	12.422.276
Eignir samtals	102.973.408	81.859.476	77.608.115	74.872.872
Eigið fé	41.955.670	19.208.474	15.446.233	13.262.835
Langtímaskuldir	56.484.764	58.496.000	58.563.938	57.643.922
Skammtímaskuldir	4.532.974	4.155.002	3.597.944	3.966.115
Eigið fé og skuldir samtals	102.973.408	81.859.476	77.608.115	74.872.872

- Á árinu voru rekstrarfjármunir félagsins endurmetnir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en rekstrarfjármunir voru síðast endurmetnir á árinu 2008. Óvissa í ákvörðunum um arðsemi félagsins og þar með tekjur hefur verið þess valdandi að endurmat hefur ekki verið endurreiknað fyrir en nú.

- Heildareignir félagsins í árslok námu 102.973 mkr. samanborið við 81.859 mkr. í lok árs 2014. Heildarskuldir námu í árslok 61.018 mkr. samanborið við 62.651 mkr. í lok árs 2014.

Sjóðstreymi	2015	2014	2013	2012
Handbært fé frá rekstri	8.113.498	6.230.641	7.733.269	5.808.064
Fjárfestingahreyfingar	(4.711.241)	(3.851.017)	(6.408.083)	(2.211.407)
Fjármögnunarhreyfingar	(7.862.049)	(907.061)	(824.874)	(3.989.118)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	297.263	844.896	(892.880)	459.317
Handbært fé í ársbyrjun	12.234.663	9.917.204	10.309.772	10.242.916
Handbært fé í árslok	8.072.134	12.234.663	9.917.204	10.309.772

- Greiddar voru niður langtímaskuldir umfram reglulegar afborganir sem nam um 6.895 mkr.
- Lausafjárstaða félagsins er sterk, í lok árs nam handbært fé 8.072 mkr. Handbært fé frá rekstri á árinu nam 8.113 mkr.

Helstu kennitölur

	2015	2014	2013	2012
EBITDA	10.413.576	9.141.882	9.165.669	7.773.168
	31.12.2015	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2012
Eiginfjárhlutfall	40,7%	23,5%	19,9%	17,7%

- Eiginfjárhlutfall í lok árs var 40,7% samanborið við 23,5% í lok ársins 2014. Eigið fé í lok tímabilsins nam 41.956 mkr. samanborið við 19.208 mkr. í lok árs 2014.

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsnets hf. 2015 er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og er þetta síðasta árið sem félagið birtir ársreikning í íslenskum krónum. Uppgjör Landsnets verða framvegis í Bandaríkjadöllum (USD), sem metnir hafa verið starfrækslugjaldmiðill félagsins. Ársreikningurinn var samþykktur á fundi stjórnar 11. febrúar 2016.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang gudlaugs@landsnet.is

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.